

Mánudaginn 20. janúar 1947.

Nr. 2/1946. **Valdstjórnin** (Hrl. Hermann Jónasson)
gegn

Sigurði Óskari Sigvaldasyni

(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Gunnar Thoroddsen
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Brot gegn bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að í stað sektarinnar komi 10 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að í stað sektarinnar komi varðhald 10 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Sigurður Óskar Sigvaldason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Hermanns Jónassonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 3. nóvember 1945.

Ár 1945, laugardaginn 3. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Loga Einarssyni, fulltrúa sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2918/1945: Valdstjórnin gegn Sigurði Óskari Sigvaldasyni, sem tekið var til dóms 1. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Óskari Sigvaldasyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Stórholti 43 hér í bæ,

til refsingar, ökuleyfissviptingar og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 6. desember 1908 að Gilsbakka í Axarfjarðarhreppi. Þann 6. júlí 1945 undirgekkst hann að greiða 30 króna sekt fyrir of hraðan bifreiðaakstur, en að öðru leyti hefur hann hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Aðfaranótt sunnudagsins 23. sept. s. l. voru þeir Björn Blöndal Jónsson löggæzlumaður og Steinþór Ásgeirsson lögregluþjónn við löggæzlu á vegum úti í bifreiðinni R 1212. Kl. 0.25 komu þeir að bifreiðinni R 2912, er stóð kyrr nokkru fyrir austan afleggjara þann, er liggur niður í Hjallahverfi í Ölfusi, en Björn Blöndal hafði séð bifreið þessa stöðvaða þarna nokkru áður. Stanzaði hann bifreiðina R 1212 og bað kærða, sem sat við stýri R 2912, að koma út og tala við sig, en við hlið hans sat stúlka, Þórlaug Finnbogadóttir, skála 63 á Skólavörðuholti. Varð kærði við þessum tilmælum og kom út úr bifreið sinni. Bæði Björn Blöndal Jónsson og Steinþór Ásgeirsson kveða kærða þá hafa verið undir áhrifum áfengis, vínlykt hafi lagt úr vitum hans, hann hafi verið loðmæltur og þokukenndur, en ekki reikað í spori. Gaf hann og undirritaði svo hljóðandi yfirlýsingu: „Það viðurkennist hér með, að ég undirritaður hef drukkið 2 gúlsopa af gin, lítils háttar blandað með kóka-kóla. Eftir að ég drakk þetta, ók ég bifreiðinni R 2912 ca. 500 metra, og finn ég aðeins breytingu á mér, þannig að ég er lítils háttar örari. P. t. á þjóðveginum við Hveragerði kl. 00.25 23. sept. 1945.“ Var síðan farið með kærða í bifreiðinni R 1212 niður á Eyrarbakka, og þar tekið úr honum blóðsýnishorn, er við rannsókn reyndist innihalda áfengismagn 0.09%. Þá var Haraldur Gunnar Kristjánsson, Hringbraut 23, fenginn til að aka bifreið kærða og sækja hann austur að Selfossi, en þangað var hann fluttur eftir blóðtökuna.

Kærði skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi lagt af stað austur í Hveragerði laugardaginn 22. sept. s. l. klukkan rúmlega 20, en kom þó við á nokkrum stöðum í bænum áður, þar á meðal að Barónsstíg 10. Með honum voru verkamennirnir Óskar Jónsson, Lindargötu 60, og Rikharður Hjálmarsson, skála 52 C í Laugarneshverfi, auk þriggja stúlkna, Sigurlaugar og Kristveigar Friðgeirsdætra og Þórlaugar Finnbogadóttur, allar til heimilis í skála 63 á Skólavörðuholti. Ók hann fyrst upp að Skíðaskála og tók þar upp eina ginflösku, er hann átti. Blandaði hann gininu saman við pepsi-cola í pepsi-colaflöskur og bauð jafnframt þeim Óskari Jónssyni og Rikharði Hjálmarssyni að bragða á víninu. Þáðu þeir það, en ekki kveðst kærði hafa bragðað þarna annað en pepsi-cola. Meðan þessu fór fram, voru stúlkurnar ekki viðstaddar, þar eð þær höfðu

brugðið sér frá. Ók kærði því næst austur í Hveragerði, en þar var haldinn dansleikur, sem kærði og samferðafólk hans fór á. Klukkan rúmlega 24 um nóttina fór kærði ásamt fyrrgreindri Þórlaugu Finnbogadóttur af dansleiknum og upp í bifreið sína. Ók hann nú út á þjóðveginn og að þeim stað, sem Björn Blöndal og Steinþór Ásgeirsson komu að honum, en á leiðinni þangað drakk hann einn sopa af ginblöndunni og annan, eftir að hann stöðvaði bifreiðina. Ekki man hann, hvort hann stöðvaði bifreiðina, er hann drakk fyrri sopann, en skömmu eftir að hann drakk þann síðari, komu þeir Björn og Steinþór að honum. Fóru þeir með hann að Eyrarbakka, þar sem blóðsýnishornið var tekið úr honum og síðan að Selfossi. Þangað var þá komin bifreið hans, og ók henni fyrrgreindur Haraldur Gunnar Kristjánsson. Fóru þeir því næst aftur að Hveragerði og sóttu þangað þá Óskar Jónsson, Rikharð Hjálmarsson og Kristveigu Friðgeirsdóttur, en þær Sigurlaug Friðgeirsdóttir og Þórlaug Finnbogadóttir höfðu farið með annarri bifreið til bæjarins. Frá Hveragerði ók Haraldur Gunnar bifreiðinni áleiðis til Reykjavíkur, en í Kömbum bilaði hún, og tók þá kærði við stjórn hennar, er hann hafði gert við hana, og ók henni til Reykjavíkur.

Vitnið Rikharður Hjálmarsson hefur borið það, að kærði hafi tekið upp ginflösku hjá Barónsstíg 10 og gefið því að súpa á henni, en sjálfur hafi hann sopið á pepsi-cola flösku. Voru þær systurnar Kristveig og Sigurlaug ásamt Óskari þá fjarverandi. Kærði kveðst aftur á móti ekki minnst þess að hafa tekið ginflöskuna upp fyrr en við Skiðaskálann, en man þó eftir því að hafa drukkið pepsi-cola við Barónsstíg 10. Ekki kveðst vitnið hafa séð áfengisáhrif á kærða, hvorki við akstur bifreiðarinnar né heldur við Skiðaskálann eða í Hveragerði. Steinþór Ásgeirsson kveður Rikharð hafa tjáð sér austur í Hveragerði, að kærði hafi drukkið gin blandað pepsi-cola einu sinni áður en hann fór úr Reykjavík og einnig hefði hann drukkið blöndu þessa í Skiðaskálanum og í Hveragerði. Rikharður kveðst hafa haldið, að vinblanda hafi verið í pepsi-cola flösku þeirri, er kærði saup á á fyrrgreindum stöðum, en eigi vitað það.

Vitnin Kristveig og Sigurlaug Friðgeirsdætur kveðast ekki hafa vitað til þess, að áfengi hafi verið haft um hönd í ferð þessari, né hafa séð áfengisáhrif á kærða. Vitnin Óskar Jónsson og Þórlaug Finnbogadóttir hafa borið það, að þau hafi ekki séð áfengisáhrif á kærða. Er framburður allra þessara vitna í samræmi við framburð kærða.

Vitnið Haraldur Gunnar Kristjánsson skýrir svo frá, að Björn Blöndal hafi beðið það að aka bifreið kærða frá Hveragerði austur að Selfossi til að sækja kærða þangað og svo þaðan til Reykjavíkur. Varð vitnið við beiðni þessari og ók bifreiðinni austur að Selfossi og beið þar í um klukkutíma eftir kærða, en fór svo að Hveragerði, en stanzaði þar í um klukkutíma við kaffidrykkju, og

ók svo með kærða og samferðafólk hans upp í Kamba, þar sem bifreiðin bilaði. Tók kærði svo við stjórn hennar, þar sem vitnið færðist undan að aka bifreiðinni, enda hafði það aldrei ekið henni áður og gat ekki merkt nein áfengisáhrif á kærða. Þá kveðst það hafa séð kærða við afleggjarann niður í Hjallahverfi, þar sem Björn Blöndal og Steinþór Ásgeirsson komu að honum, og talað við hann uppi í bifreiðinni R 2912, en hvorki getað séð nein áfengisáhrif á honum né fundið áfengislykt úr vitum hans.

Kærði hefur viðurkennt, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa í um 10 mínútur, eftir að hann drakk seinni sopann og löggæzlumennirnir komu að honum, eftir að hann hafði stöðvað bifreiðina, en hann hefur neitað því að hafa ekið bifreiðinni, meðan hann fann til áfengisáhrifanna.

Gegn eindregnum mótmælum kærða, með tilliti til áfengismagns í blóði hans, 0,09%, framburða vitna þeirra, er með honum voru, og framburðar vitnisins Haralds Gunnars Kristjánssonar verður eigi talið sannað, þrátt fyrir framburði þeirra Björns Blöndals Jónssonar og Steinþórs Ásgeirssonar, að hann hafi ekið bifreiðinni R 2912 með áhrifum áfengis í umrætt skipti. Ber því að sýkna hann af kærinni um brot gegn áfengislögunum. Með því að neyta áfengis við bifreiðaakstur hefur kærði gerzt brotlegur við 23. gr. bifreiðalaganna nr. 23 16. júní 1941. Þykir refsing hans með hliðsjón af 38. gr. nefndra laga hæfilega ákveðin 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta kærða bifreiðastjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, cand. jur. Benedikts Bjarklind, kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Sigurður Óskar Sigvaldason, greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann er sviptur bifreiðastjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, cand. jur. Benedikts Bjarklind, kr. 200.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.